

105. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og bygginganefnd þann 1. apríl 2008 kl. 17:00 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eyþórsdóttir, Berglind L. Þorbergsdóttir, Guðmundur Kristinsson, Björgvin Ólafsson, Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Byggingarleyfisumsókn. Reitarvegur 6A, íbúðarhús.
Jon Nordstein kt. 180756 2139/Arktitektar Olöf og Jon ehf sækja um byggingarleyfi f.h. Eddu Baldursdóttur kt. 160385 2869 á íbúðarhúsi við Reitarveg 6A sbr. teikningar frá Arkitektarstofu Olöf og Jon ehf. dags. 26.03.'08. Stærðir: 153 m², 482,6 m³.
Samþykkt að grenndarkynna umsókn fyrir eigendum Reitarveg nr. 2, 4, 4a og 6, með fyrirvara um, að skriflegt samþykki lóðarhafa við Reitarveg nr. 6 liggja fyrir vegna framkvæmda á lóðarmörkum.
2. Smiðjustígur 3. Umsókn um viðbyggingu og breytingu á lóð.
F.h. Sæferða ehf, María Valdimarsdóttir sækir um að byggja 62 m² glerskála við vesturhlið hússins ásamt að breyta bílastæðum og aðgengi á lóð samkvæmt bréfi dags. 25.03.'08 og teikningum frá Verkfræðistofu EK dags. mars 2008.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum m.a um flóttaleiðir og samþykki meðeigenda. Gjöld samtals kr.
3. Hamraendi 5. Umsókn um skilti og breytingar á hurð.
F.h. Mjaðar ehf, Gissur Tryggvason óskar eftir að setja upp skilti á húsið við Hamraenda nr. 5 ásamt breytingum á hurð sbr. bréf og teikn. dags 19.03.'08.
Samþykki meðlóðarhafa liggur fyrir.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.3000.-
4. Skúlagata 18, viðbygging og endurnýjun.
Stefán Örn Stefánsson/Argos ehf sækir um f.h. Kristjáns Sigurbjarnarsonar kt. 110150 4829, að rífa skúrbyggingu, byggja viðbyggingu og setja kvisti á þak ásamt alhliða endurbótum á húsinu nr. 18 við Skúlagötu, sbr. teikningar frá Argos ehf, arkitektarstofu Grétars og Stefáns dags. 15. mars, 2008.
Samþykkt að grenndarkynna erindi fyrir eigendum Víkurgötu 5, Skúlagötu 16 og 20.

5. Ægisgata 1, niðurrif og uppbygging.
Örn Guðbrandsson óskar eftir leyfi til að rífa núverandi hús við Ægisgötu nr. 1 með það í huga að reisa nýtt hús á lóðinni sbr. bréf dags. 27.03.'08.
Erindi frestað og vísað til umsagnar Húsafriðunarnefndar Ríkisins.

6. Sundabakki 8. Umsókn um bílastæði, sorp- og áhaldageymslu og reiðhjólageymslu.
Pétur Kristinsson kt. 140664 4569 Sundabakka 8, sækir um staðsetja bílastæði og sorptunnugeymslu á suðvestur horni lóðarinnar fyrir íbúð á neðri hæð. Og staðsetja sorptunnu- og áhaldageymslu og hjólreiðageymslu fyrir íbúð á efri hæð við bílastæði sbr. teikn og bréf dags. 31.03.'08.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-

7. Þjónustuhús tjaldsvæði.
Lagðar fram teikningar til kynningar af þjónustuhúsi á tjaldsvæði.
Nefndin leggur til að húsið verði staðsett við vesturenda ássins og að hús verði steinsteypt.

8. Stækkun á geymslusvæði Stykkishólmsbæjar við Heljarmýri.
Byggingarfulltrúi leggur fram erindi f.h. Stykkishólmsbæjar um stækkun á geymslusvæðinu við Heljarmýri. dags. 31.03.'08.
Nefndin tekur jákvætt í að stækka geymslusvæði. Nefndin leggur til að gerð verði jarðvegsmön með trjágróðri í suðurátt, til draga úr sjónmengun.

9. Erindi vísað til skipulags- og byggingarnefndar af bæjarráðsfundi dags. 13.03.'08.
Bæjarráð vísar til umsagnar og skoðunar bréf Umhverfisnefndar Alþingis dags. 26.02.'08 þar sem leitað er eftir umsögnum bæjaryfirvalda á frumvörpum til Alþingis um skipulagslög, mannvirkjalög og brunavarnir.
Erindi lagt fram og rætt. Skipulags- og byggingarnefnd mun vinna áfram að gerð umsagnar til bæjarráðs.

10. Önnur mál.

B.V.